



## 55. Körfuknattleiksþing | 25. mars 2023

Pingskjal nr. 12 – Reglugerð um körfuknattleiksmót

### Reglugerð um körfuknattleiksmót

#### 22. grein

##### ÚRVALSDEILD KVENNA

[...]

##### a) Deildarkeppni

Deildin skal skipuð 8 liðum, en önnur lið leika í 1. deild. Leikin skal fjórföld umferð þar sem allir mæta öllum. Lið raðast í lokastöðu deildarinnar samkvæmt reglum FIBA, ef reglugerð um körfuknattleiksmót kveður ekki á um annað. Liðið í efsta sæti að lokinni keppninni hlýtur sæmdarheitið deildarmeistari og skal fá afhentan eignabíkar. Neðsta lið deildarinnar að lokinni deildarkeppni fellur í 1. deild og leikur þar á næstu leiktíð.

Deildin skal skipuð 10 liðum, en önnur lið leika í 1. deild. Leikin skal tvöföld umferð þar sem allir mæta öllum. Þegar leikin hefur verið tvöföld umferð skal skipta deildinni upp í A deild, sem er skipuð fimm efstu liðunum, og B deild sem er skipuð fimm neðstu liðunum. Innan hvorrar deildar skal leikin tvöföld umferð. Lið raðast í lokastöðu deildarinnar samkvæmt reglum FIBA, ef reglugerð um körfuknattleiksmót kveður ekki á um annað. Liðið í efsta sæti A-deild að lokinni keppninni hlýtur sæmdarheitið deildarmeistari og skal fá afhentan eignabíkar. Neðsta lið A deildar telst vera í 5. sæti úrvalsdeildar og efsta sæti B deildar telst vera í 6. sæti úrvalsdeildar. Neðsta lið B deildar að lokinni deildarkeppni fellur í 1. deild og leikur þar á næstu leiktíð. Að lokinni deildarkeppni hefst úrslitakeppni með þátttöku sex efstu liða úrvalsdeildar. Jafnframt hefst úrslitakeppni um sæti í úrvalsdeild á komandi leiktíð, þar sem næst neðsta sæti B deildar fer í úrslitakeppni ásamt liðum í 2.-4. sæti í 1. deild.

[...]

#### Greinargerð:

*F.h. kkd. Hamars*

*Halldór Karl Þórsson*

Vísað til:  Allsherjarnefndar  Fjárhagsnefndar  Laga- og leikreglnanefndar  
Afgreitt:  Samþykkt óbreytt  Samþykkt með breytingum  Felld



## 55. Körfuknattleiksping | 25. mars 2023

Þingskjal nr. 12 – Reglugerð um körfuknattleiksmót

### Umsögn mótanefndar KKÍ

Mótanefnd vekur athygli á því að þessari breytingu fylgir aukin vinna fyrir þá sem koma að mótahaldi úrvalsdeildar kvenna. Þessi breyting þýðir að íþróttahús þeirra 10 félaga sem leika í úrvalsdeild kvenna verða tekin frá í öllum umferðum 19-26 af mótanefnd, til að tryggja að til séu leiktímar í íþróttahúsunum þegar kemur að því að skipta deildinni upp í A og B deild. Það verður þá á ábyrgð þeirra félaga sem eru í viðkomandi deild að gæta þess að þessir leiktímar séu fráteknir og lausir fyrir leiki þegar kemur að skiptingu í A og B deild.

Jafnframt þýðir breyting sem þessi að eftir sitja 6 félög í 1. deild kvenna, ef miðað er við skráninguna á þessu tímabili. Mikilvægt er að farið verði í mótvægisáðgerðir til að tryggja gæði þeirrar deildar.

**Vísað til:**  Allsherjarnefndar  Fjárhagsnefndar  Laga- og leikreglanefndar  
**Afgreitt:**  Samþykkt óbreytt  Samþykkt með breytingum  Felld